

Athugasemdir Íbúasamtaka Leirvogstungu vegna tillögu að starfsleyfi Sorpu bs - urðunarstað Álfsnesi - kt: 510588-1189

Stjórn Íbúasamtaka Leirvogstungu, sem kjörin var af íbúum hverfisins á aðalfundi samtakanna í nóvember 2012 og situr því í þeirra umboði, mótmælir því harðlega að starfsleyfi verði gefið út á Sorpu bs til áframhaldandi starfssemi í Álfsnesi. Ástæðan er áframhaldandi og alvarleg lyktarmengun sem það myndi hafa í för með sér fyrir íbúa Leirvogstunguhverfis sem og annarra hverfa á höfuðbogarsvæðinu, en samtökunum hefur verið tjáð um lyktarmengun frá íbúum annarra hverfa Mosfellsbæjar, frá Grafarvogi (íbúabyggð og golfvelli) og á skipulögðum verslunarsvæðum beggja vegna Vesturlandsvegar.

Mótmæli við starfsleyfi ná einnig til annarra rekstraraðila, verktaka eða undirverktaka sem hugsanlega gætu komið að rekstrinum, nú eða í framtíðinni. Það er einróma álit samtakanna að urðun og meðhöndlun sorps sem veldur slíkri lyktarmengun, og hefur því í för með sér rýrnun á notkunarmöguleikum íbúa á eignum sínum, eigi ekki heima svo nærri byggð.

Jafnframt mótmælum við því að Sorpu bs, eða öðrum aðilum, verði heimilað að fara í tilraunastarfsemi á meðhöndlun lyktarsterks úrgangs í Álfsnesi þar sem ekki er fyrir séð að það sé líklegt til að skila árangri og að okkar mati, eftir mikla og nákvæma eftirgrennslan, mjög ólíklegt.

Er það mat okkar að áframhaldandi lyktarmengun frá starfsemi Sorpu bs brjóti á réttindum okkar um full afnot af eignum okkar þar sem ekki er hægt að hafast við í einkagörðum þegar lyktarmengun liggur yfir hverfinu. Það teljum við brjóta gegn þeirri meginreglu íslenskrar stjórnskipunar um að eignarétturinn sé friðhelgur. Jafnframt teljum við brotið á rétti okkar samkvæmt reglum um nábylísrétt sem skilgreindur hefur verið með eftirfarandi hætti:

Þær réttarreglur sem takmarka eignarráð fasteignareiganda yfir fasteign sinni, ekki eingöngu með tilliti til hagsmuna samfélagsins í heild sinni heldur fyrst og fremst með

tilliti til nánar afmarkaðs hóps fasteignaeigenda í nágrenninu (Björn Óskarsson, 2009).

Fyrir þessu sjónarmiði okkar má finna dómafordæmi í dómum Hæstaréttar, til dæmis: HRD, 1968, bls 258 (Ölgerðarmálið), og HRD, 1999, bls. 1666 (Kirkjuferjuháleiga) og 523/2011 (Hvalfjarðarsveit gegn Solveigu K. Jónsdóttur, Salvöru Jónsdóttur, Áslaugu Jónsdóttur og Védísi Jónsdóttur).

Hér á eftir verða ástæður mótmælanna reifaðar nánar lið fyrir lið.

Lyktarmengun af starfsemi Sorpu bs í Álfsnesi

Íbúar Leirvogstungu verða fyrir miklu ónæði vegna starfsemi Sorpu bs í Álfsnesi. Megn ólykt leggst yfir hverfið með reglulegum hætti og hafa tilraunir rekstraraðila til að draga úr henni ekki skilað tilætluðum árangri. Rekstraraðili hefur jafnframt ekki staðið við loforð sem hann hefur gefið Mosfellsbæ annars vegar og Íbúasamtökunum hins vegar um að breyta starfsháttum sínum með þeim hætti að það dragi úr lyktarmengun. Þannig hefur hið svokallaða stál hækkað, þvert á gefin loforð, sem valdið hefur aukinni lyktarmengun.

Þessir þættir, auk áherslu Sorpu bs um að fá kröfur um jarðfræðilega tálma og botnþéttingu á Gými minnkaðar og áframhaldandi móttöku á lyktarsterkum úrgangi, gerir það að verkum að Íbúasamtökin hafa ekki ástæðu til að ætla að rekstraraðili hafi það að markmiði að auka vistfræðilegt öryggi starfsseminnar og útiloka lyktarmengun frá henni.

Eftirgrennslan Íbúasamtakanna

Meðlimir stjórnar íbúasamtakanna hafa eftir fremsta megni leitað sér upplýsinga um fyrirætlanir Sorpu bs og hugsanleg áhrif á íbúa Leirvogstungu. Þannig hafa þeir setið fjölda funda með starfsmönnum SORPU, fundað reglulega með bæjaryfirvöldum í Mosfellsbæ, tvívegis setið fundi með sænskum sérfræðingum sem komu til landsins á vegum Sorpu, setið kynningarfund SORPU og Mannvits um gerð gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi, ásamt því að hafa farið í ferð til að skoða starfsemi sorpvinnslustöðva í Svíþjóð og Danmörku.

Niðurstöður Íbúasamtakanna eru eftirfarandi:

Sænskir sérfræðingar á vegum Sorpu meta það svo að moltuafurð sem unnin yrði í Álfsnesi sé líkleg til að vera lyktsterk. Þetta höfum við eftir Katarina Starberg (Bc/MSc Chem Eng, Business Development Director Biogas) sem er sérstakur ráðgjafi Sorpu um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar, en SORPA hefur tvívegis boðað fulltrúa íbúasamtaka á fund með henni og starfsmenn SORPU vikið af fundi svo fulltrúarnir geti óhikað spurt allra þeirra spurninga sem þeir vilja. Á kynningarfundum með Mannviti og SORPU sagði forstjóri SORPU að ein af hugmyndum Sorpu væri að nota þessa moltu til að hylja urðunarhauginn í Álfsnesi. Með því væri verið að setja lyktarsterkt efni yfir lyktarsterkan úrgang sem, að okkar mati, eykur líkur á lyktarmengun enn frekar.

Eftir skoðun á stöðvum erlendis og samtöl við sérfræðinga þeirra teljum við ljóst að fyrirhuguð starfsemi Sorpu í Álfsnesi, sem felur meðal annars í sér áframhaldandi móttöku á lyktarsterkum úrgangi muni hafa í för með sér áframhaldandi lyktmengun.

Eftir útlistun sérfræðings á vegum Mannvits í kjölfar þeirrar ferðar teljum við ljóst að ekki sé búið að fullvinna hugmyndir um hvernig, og jafnvel, hvort eigi að forvinna lyktarsterkan úrgang áður en hann kemur í Álfsnes og hvað eigi að gera við úrgang sem ekki er hæfur til gasgerðar. Samkvæmt sérfræðingum mun hann nema að lágmarki um 40% af því sem fara mun um stöðina. Líklegast er að urða þurfi þann úrgang. Erlendir og innlendir sérfræðingar eru sammála um að slíkri urðun fylgi mikil hættu á lyktarmengun. Við mótmælum því harðlega að slíkt sé gert svo nærri íbúabyggð.

Ályktun

Okkar eftirgrennslan hefur leitt í ljós að áframhaldandi lyktarmengun muni fylgja starfsemi Sorpu bs í Álfsnesi. Þær framkvæmdir sem rekstraraðili hefur hug á að ráðast í munu ekki taka á helstu lyktaruppsprettum starfseminnar. Það á við um böggun/urðun sorps og móttöku og vinnsla lyktarsterks úrgangs, en okkur hefur verið tjáð að til standi að notast áfram við Gými (í það minnsta á næstu árum). Fjölmörgum spurningum um hvernig taka skuli á þessum áhættuþáttum í starfseminni er ósvarað og við mótmælum því harðlega að

farið verði í tilraunastarfsemi á lyktstjórnun svo nærri íbúabyggð, sem mun hafa í för með sér hvoru tveggja neikvæð áhrif á nærumhverfi sitt og ófyrirséðan kostnað fyrir opinbera aðila.

Að öðru leyti tökum við undir þær athugasemdir sem Mosfellsbær hefur gert við starfsemina en gerum jafnframt þá kröfu að henni verði ekki áframhaldið í Álfsnesi og að ráðist verði í það af fullri alvöru og með faglegum hætti að finna henni hentugri framtíðarstað.

Virðingarfyllt

Stjórn Íbúasamtaka Leirvogstungu.

Gíslína Petra Þórarinsdóttir

Kristín Bjarnadóttir

Rúnar Haraldsson

Rúnar Þór Guðbrandsson

Þorkell Magnússon

Örn Jónsson